



Reykjavík 4. Júlí 2013

Samantekt

Nám um málefni innflytjenda á Íslandi

Námið er 45 eininga nám (ECTS) á framhaldsstigi háskóla og er gert ráð fyrir að kennslan fari fram á tveimur misserum.

Um er að ræða fjölbreytt og hagnýtt nám, þar sem áhersla er lögð á skoða sem flesta þætti sem tengjast málefnum innflytjenda á heildrænan hátt.

Námið er hugsað fyrir einstaklinga sem starfa með innflytjendum í daglegu störfum víða í samfélaginu, sem og þeim sem hafa áhuga á málefnum og/eða vilja búa sig undir störf á nýjum vettvangi.

Forkröfur í námið er grunnpróf á háskólastigi (BA/BS/B.Ed. gráða) eða sambærilegt nám.

Helstu ástæður fyrir því að ákveðið var að þróa þetta nám hjá Endurmenntun HÍ voru þær að miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi undanfarin ár. Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað ört og margvíslegar breytingar eiga sér stað víða í samfélaginu. Til Íslands hafa verið að koma einstaklingar alls staðar að úr heiminum með fjölbreyttan bakgrunn, einstaklingar sem koma hingað sem farandverkamenn, innflytjendur, flóttamenn og hælisleitendur. Fleiri einstaklingar af erlendum uppruna leita eftir þjónustu víðs vegar í samfélaginu og er mikilvægt að fagfólk og aðrir aðilar tileinki sér færni, þekkingu og næmni um atriði sem áriðandi er að hafa í huga í samskiptum og þjónustu í margbreytilegu samfélagi.